

Tíu reglur alþjóðaskíðasambandsins



Regla 1: Tillitssemi

Skíða- eða snjóbrettamaður skal hegða sér á þann hátt að hann stofni ekki öðrum í hættu, valdi óþægindum eða skaða.



Regla 2: Stjórn á hraða

Skíða- eða snjóbrettamaður skal ávallt hafa fullt vald á hraðanum. Hann skal ekki fara hraðar en geta hans leyfir og aðstæður hverju sinni, svo sem veður, færi og fjöldi í brekkum.



Regla 3: Að velja sér leið

Sá sem kemur niður brekku eða aftan að öðrum skíða- eða snjóbrettamönnum skal velja sér leið þannig að hann stofni ekki þeim sem fyrir framan eru í hættu.



Regla 4: Framúrtaka

Fara má framúr eða framhjá öðrum skíða- eða snjóbrettamanni fyrir ofan hann eða neðan, hægra eða vinstra megin, að því tilskildu að sá sem ferarið er framúr eða framhjá hafi allt það svigrúm sem hann þarf.



Regla 5: Að fara inn í eða vera á merktri braut

Sá sem fer inn í merktu braut eða leggur aftur af stað eftir að hafa stansað eða sveigt upp á við skal líta vel í kringum sig og ganga úr skugga um að hann stofni hvorki sjálfum sér né öðrum í hættu.



Regla 6: Stöðva í brekkum

Skíða- eða snjóbrettamaður skal ekki stansa þar sem braut er þröng eða útsýni takmarkað nema brýna nauðsyn beri til. Ef hann dettur skal hann færa sig úr brautinni eins fljótt og hann getur.



Regla 7: Gengið upp eða niður brekku

Skíða- eða snjóbrettamenn sem fara fótgangandi upp eða niður brekku skulu ganga í jaðrinum á merktum brautum.



Regla 7: Leiðbeiningar á skiltum

Skíða- eða snjóbrettamenn skulu fara í einu og öllu eftir leiðbeiningum á skiltum sem hafa verið sett upp í brekkum.



Regla 9: Aðstoð

Ef slys ber að höndum skulu allir veita þá aðstoð sem þeir geta.



Regla 7: Að gefa sig fram eftir slys

Allir skíða- eða snjóbrettamenn sem verða vitni að eða lenda í slysi skulu gefa sig fram, án tillits til þess hvort þeir bera ábyrgð á slysinu eða ekki.

